

28. nóvember 2014

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar bókaði eftirfarandi á fundi nefndarinnar þann 24. nóvember s.l.

2014110060 - Þingsályktun um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 52. mál.

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis þar sem félagsmálanefnd er gefinn kostur á að senda velferðarnefnd Alþingis umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 52. mál.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar fagnar því að úrbætur verði gerðar í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna og að tillögurnar feli í sér sérstök barnateymi sbr. 5. þátt aðgerðaráætlunarinnar. Vísir að slíku teymi hefur verið starfandi á Vestfjörðum um árabil og hefur gjörbylt þjónustu við þennan hóp til hins betra. Verkefnið var tilkomið vegna stuðnings frá Kiwanis og klárast sá styrkur vorið 2015. Aðilar að teyminu eru Barna- og unglिंगageðdeild, barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og skólaþjónusta. Það er samróma álit allra sem að teyminu koma að afar mikilvægt sé að sambærilegt teymi starfi áfram.

Virðingarfyllst

Sædís María Jónatansdóttir

Deildarstjóri í félagsþjónustu á Fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar